

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

Fundur 29. des 2011

1. fundur

Staðsetning: Ruby Tuesday, 12:00 – 13:30

Mættir: Arnar Bill, Kristján, Ómar, Sigurður, Theodór, Þórir og Úlfar
Boðuð forföll:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með leiðréttingum.

2. Stjórn skiptir með sér verkum

Óbreytt skipan embætta innan stjórnar.

3. AEFCA í Tyrklandi

Formaður sagði frá fundi Evrópska þjálfarafélagsins í Tyrklandi. Samantekt frá fundinum kemur á heimasíðuna fyrir 1.mars 2012. Þjálfarafélögin í Skandinavíu héldu einnig sérfund og ákváðu þar að stefna að sameiginlegri ráðstefnu með hollenska þjálfarafélaginu í Hollandi í desember 2012.

4. Ársáætlun 2012

Farið yfir starfsáætlun komandi árs. Félagsmönnum er boðið með norska þjálfarafélaginu til Englands í febrúar. Tveir þjálfarar frá Ajax koma til landsins í mars. Stefnt er að Bikarúrslitaráðstefnu í ágúst. Aðalfundur félagsins verður í nóvember og ráðstefna knattspyrnuþjálfarafélaga Norðurlanda verður haldin í Hollandi í desember. Ákveðið að koma á fundum þjálfara í meistaraflokkum.

5. Önnur mál

- a) Aðalfundur. Ákveðið að samræma lýsingar á störfum þjálfara við afhendingu viðurkenninga.
- b) Opna facebook aðgang.
- c) Klára afhendingar gull og silfurmerkja.
- d) Fréttir af þjálfaraferð til Barcelona með norska þjálfarafélaginu.
- e) Síðamál. Þórir og Úlfar ætla að koma með efnið sem þeir voru byrjaðir á fyrir næsta fund.
- f) Klára möppuafhendingar.

Úlfar Hinriksson
ritari